

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3 1-3
850 Hella

8. ágúst 2017
UST201706-219/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Þjóðólfshagi 1

Deiliskipulagið tekur til nýs aðkomuvegar, afmörkunar lóða og byggingarreita fyrir íbúðarhús, gestahús og hesthús. Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Skipulagssvæði

Í greinargerð kemur fram að svæðið er algróið og hefur verið nýtt til beitar. Innan byggingarreita B1-B3 er heimilt að byggja allt að 250 m² íbúðarhús með bílskúr, allt að 60 m² gestahús og allt að 1000 m² útihús/skemma. Samkvæmt stefnu gildandi Aðalskipulags Rangárþings ytra 2010-2022 kemur fram að gott landbúnaðarland verði nýtt til landbúnaðar og lögð er áhersla á að landbúnaður verði stundaður á bújörðum en einnig er heimilt að stunda þar ýmsar aðrar atvinnugreinar sem henta slíkum svæðum.

Ásýnd


Í greinargerð kemur fram að byggingar verði nálægt hver annarri og reynt verði að lágmarka það svæði sem fer undir vegi. Þá kemur einnig fram að hægt sé að draga úr sjónrænum áhrifum með því að taka mið af umhverfinu við litaval og forðast áberandi útilýsingu. Umhverfisstofnun tekur undir það að mannvirki skuli falla eins best að umhverfi eins og kostur er.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að fráveita verði samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.


Umsögn

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri